

svo hjartfólgið. Þegar kemur framyfir 1940 málar hann sína frægu Fjallamjólk og aðrar geysilega fínunnar myndir, þar sem fantasían er stundum samofin. En frá þessum áratugi eru einnig Snæfellsnesmyndir hans, kröftugar og expressjónískar.

Eftir 1950 er gerjunin enn á fullu og þá verða enn töluverðar breytingar. Það er eins og losni um hömlur, myndirnar verða lausari í sér og ástríufyllri. Gylfi kvaðst geta sér til, að þetta stæði í sambandi við þá byltingu, sem um þetta leyti hafði orðið í myndlistinni hér og annarstaðar; abstraktbylgjan reis þá í öllu sínu veldi. En varla hefur sú myndgerð komið flatt uppá Kjarval. Hann var sjálfur búinn að gera sínar tilraunir með abstraktmyndir og kúbisma. Samt sagði hann í stóru samtali við tímaritið Líf og list, að í samanburði við abstraktmálarana væri hann eins og ljósmyndari. Hvað hann meinti veit enginn. Það má til sanns vegar færa, að hann stæði ljósmyndurum nær, þar sem hann málaði figúratíft, en abstraktmálararnir afneituðu gersamlega eftirmyndun einhvers þekkjanlegs. Sumir telja, að Kjarval hafi einungis verið að gera grín að þeim með þessari yfirlýsingu. En raunar skiptir það ekki miklu máli.

Kannski er athyglisverðast, hvað síðasti spretturinn í þessu mikla lífsverki er góður. Sjötugur og jafnvel áttræður málar Kjarval hvert meistaraverkið á fætur öðru. Í grein sem hér fylgir með er sagt frá för suður í hraun með Kjarval haustið 1963. Hann hefur þá verið 78 ára. Ég kom þá margoft til hans á vinnustofuna við Sigtún og fylgdist með tilurð sumra þeirra verka, sem tekin eru til dæmis aftast í röðinni á Kjarvalsstöðum. Hann virtist þá vera í fullu fjöri og þegar við gengum frá Krýsuvíkurveginum í lautina hans suður í hrauninu, var hann ekki síður léttstígur en við sem yngri vorum. Þegar hann málar myndina af Bleikdalsá, sem hér er prentuð, er hann 82 ára og enn nær hann að galdra fram þá sérstöku töfra, sem einkenna landslagsmyndir hans.

Á sýningunni er einnig síðasta verk hans: áhrifamikili Grand Finale — og þó gat það naumast verið látlausara. Hann virðist hafa vitað nákvæmlega, þegar hann fór á sjúkrahúsið, að hann var að berja nestið og ætti ekki afturkvæmt. Hann setti léreft á blindramma, stillti því upp á hilluna, þar sem hann var vanur að mála — og teiknaði á það með brúnum lit eitt litaspjald. Ekkert annað. Undir það skrifaði hann nafnið sitt á venjulegan hátt.

Við sjáum hingað og þangað á ferli Kjarvals bregða fyrir hugmyndum, sem verða undanfari ýmissa mynda. Þær skjóta upp kollinum í breytilegum útgáfum, unz hann byggir á þeim meiri háttar myndir.

En sé eitthvað, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum allan ferilinn, þá eru það andlitsmyndir. Á sýningunni er fjöldi þeirra saman kominn og í framhaldi af því gætu menn lítið inn á barinn á Hótel Holti, þar sem Þorvaldur Guðmundsson hefur komið fyrir um 80 andlitsmyndum eftir Kjarval. Framan af ævinni gerði Kjarval allmargar sjálfsmyndir, sumar hrein meistaraverk, en virðist fremur hafa gaumgæft aðra en sjálfan sig, þegar á ævina leið. Yfirgnæfandi meirihluti þessara andlita er unninn á ýmskonar pappír og tæknin er margvísleg.

„Ég tel hann afburðamann í tækni,“ sagði Gylfi, „ég tel hann allt að því heimsmeistara í teikningu og sem kolor-

isti er hann framúrskarandi. Sá tími kemur, held ég, að það rennur upp fyrir mönnum úti í hinum stóra heimi, hvern listamann við áttum — og eigum þarna. Þá verður það ekki bara eitt bilverð, sem boðið verður fyrir Kjarvalsmynd, heldur mörg. Og við skulum þá sækja sækja yfir því, að verk Kjarvals runnu ekki beint frá honum til safna og auðmanna úti í heimi.“


Undir þessi orð Gylfa vil ég taka að mestu leyti. Það er að vísu nokkuð stórt að kalla Kjarval allt að því heimsmeistara í teikningu. Kjarval var fyrst og fremst rypmískur teiknari. Og styrkur hans liggur að mínu mati bæði í því og eins hinu, hvað honum tekst að vera persónulegur. Hann þarf ekki að teikna nema eitt lítið blóm — og það er enginn vafi að það er eftir hann. Þetta persónulega og rypmíska tak á línunni er ugglaust á heimsmeistaravörðum. Hann virðist aftur á móti ekki hafa haft í jafn ríkum mæli tilfinningu fyrir svip þeirra, sem hann var að gera myndir af. Andlitsmyndirnar af Agli í Sigtúnum, Páli á Hjálmstöðum og Sigurði Nordal, geta ekki talizt verulega líkar þeim, en eru dæmigerðar Kjarvalsmyndir og ágætis myndverk þar fyrir. Mér skilst, að Kjarval hafi haft fyrir sið að henda aldrei pappír; það gæti hafa verið arfur frá þeim fátæktarárum, þegar hvaðeina varð verðmætt, sem hægt var að nota í þessu skyni. Oft teiknaði hann með bleki á brúnan umbúðapappír. Og andlitsmyndirnar hefur hann unnið á margvíslegan pappír, en alltaf með þeirri tækni sem virðist hafa hentað. Stundum beitir hann kólí eða rauðkrít, stundum þurrum og blautum olíulit á víxl — og mjög oft vinnur hann þessar andlitsmyndir með vatnslit. Sumar þeirra eru af börnum; líklega eru það börn vina hans. Það er alkunnugt, að vandasamara er að teikna ungt fólk og ómótað. En barnamyndir Kjarvals eru eins þokkafullar og allt annað.

„Í sambandi við Kjarvalsmyndir er landlæg ein árátt, sem ég vildi að hægt væri að uppræta,“ sagði Gylfi. „Hún er sú að almenningur heldur að Kjarval hafi málað ýmsar myndir, einkum af hrauni og öðru landslagi, til þess að koma þar fyrir felumyndum. Þetta fólk lítur ekki á myndverkið í heild, en er sífellt að leita að felumyndum og sér kannski ísbjörn hér og ljón þar. Þegar unnið er í stíl af þessu tagi, fer ekki hjá því að hægt sé með ítarlegri leit að finna einhverjar svona myndir. En sjálfur hefur listamaðurinn ekki haft hugmynd um þær og alls ekki haft neitt slíkt í huga.“

Undir þetta skai einnig tekið. Og nú, þegar myndröðin um feril Kjarvals er orðin að veruleika, mætti hugsa sér að með tímanum yrði hún gerð miklu ítarlegri. Æskilegt væri að borgin sæi sér fært að láta mynda öll verk Jóhannesar Kjarvals í einkaeign. Það yrði ekkert smáræðisverk og varla hægt öðruvísi en með því að skipuleggja feiknarlega umfangsmikla leit; ganga í hvert hús og skrá allt sem til er og mynda síðan. Þetta verður hlutverk Kjarvalsstaða í framtíðinni og ætti að verða til þess að við áttum okkur ennþá betur á þessum risa í íslenskri myndlist, sem talið er að hafi látið eftir sig um 6 þúsund verk, stór og smá. Mörg þeirra verða naumast metin til fjár og eigendum þeirra væri alveg sama hvað í þau væri boðið. Það er því varla ofmælt, að fáir Íslendingar hafi um sína daga skilið eftir sig önnur eins verðmæti — og varanleg verðmæti — sem Jóhannes S. Kjarval.

Gísli Sigurðsson

Suður í hraun með Kjarval



Fyrir 19 árum lét Kjarval til leiðast að fara ásamt blaðamanni og ljósmyndara með trönur sínar, léreft og liti suður í Hafnarfjarðarhraun. Hann var þá 78 ára.

Myndirnar tók Kristján Magnússon.

Við biðum í hvíttri septembersólinni fyrir utan hús málarans, unz leigubíllinn frá BSR kom. Þá kom Kjarval niður stigann og lagði frá sér statívið. Hann var í úlpu, sem upphaflega hefur verið græn, en nú var hún eins og málverk að framan og fráhneppt. Hann fór aðra ferð eftir töskunni, sem léreftið er strengt innaní, og litakassa. Það var bundin utan um hann gömul skyrta; hún hafði líka einhverntíma komizt í kynni við liti. Hann lagði þetta frá sér og sagði:

— Hver er hann þessi maður?

— Hann er ljósmyndarinn minn og heitir Kristján.

— Hann er ljótur. Helvíti er maðurinn ljótur. —

— Þeir eru beztir þeir ljótu, svaraði ég til að segja eitthvað. Kjarval sagði ekki neitt, en var efins á svipinn. Svo var dótið tínt inní bíllinn og bílstjórinn ók niður með sjónum og beygði upp Snorrabrautina. Þar hafði orðið árekstur; svört hemlaförin eftir helzt til hraðskreiðan Benz höfðu litað svartar rákir á götuna.

— Við stoppum hér, sagði Kjarval, — þetta er vinur minn af BSR. Ég þarf að sjá, hvort hann hefur orðið illa úti.

En vinurinn var þá bara þarna á gangi og átti alls ekki bíllinn. Þá ókum við áfram eins og ekkert hefði í skorizt og listamaðurinn reykti vindil.

— Þetta er reklame, sagði hann þungt hugsi. Maður á ekki að vera með

reklame fyrir listina. Fólk verður leitt á því. Er ekki bezt að hætta við þetta?

— Kristján ætlar að taka af þér dýrindis litmyndir. Það tekur fljótt af.

— Þið hefðuð átt að fá einhvern annan. Til dæmis Ísleif. Hann var hjá mér áðan og vildi hvorki sherry né hangikjöt.

— Hvaða Ísleifur?

— Ísleifur Konráðsson séni. Hann málar þessa finu hvítabirni upp á björgum.

— Já, Ísleifur er góður. Við fáum hann seinna. Við beygðum inná steipta veginn fyrir ofan Hafnarfjörð.

— Við förum eitthvað suðureftir, sagði Kjarval. — Hvernig líkar þér lífið? Ertu sámilega ánægður með það?

— Jú, þakka þér fyrir, alveg sámilega ánægður með lífið, sagði ég.

— Það er pimpfínt. Við förum héra suðurúr, bílstjóri. Truflum við þig nokkuð?

Bílstjórinn frá BSR lét lítið yfir því, að við trufluðum hann.

— Héra hef ég verið, sagði Kjarval og benti suður í hraunin í átt til Bessaða. Ég á holur þarna. Einu sinni var ég þar í snjó.

— Mér finnst ég hafa séð frekar lítið af snjómyndum eftir þig.

— Frekar lítið, já. En stundum hef ég málað í snjó. Ég mála á öllum árstíðum,

SJÁ NÆSTU SÍÐU